

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 20. ágúst 2024
Málsnúmer: 202408-0015
LA

Efni: Nýtt framræst tún í landi Snorrastaða, Borgarbyggð

Vísað er í tölvubréf frá Borgarbyggð sem barst 13. ágúst 2024 þar sem ítrekuð er ósk sveitarfélagsins um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna framkvæmdaleyfis á framræsingum á um 17 ha votlendis í landi Snorrastaða. Umsagnarbeiðni úr Skipulagsgátt barst ekki til stofnunarinnar á umsagnartíma.

Framkvæmdin er hluti af áformum um stækkun nautgripabús að Snorrastöðum og er framræsing ræktunarlands nauðsynleg. Framkvæmdin felur í sér að grafnir verða skurðir með 40 metra millibili og landið plægt á milli skurða. Framkvæmdartími er áætlaður á árunum 2024 og 2025. Þá kemur fram í greinargerð að með fækkun mjólkurbúa á Íslandi á undanförunum árum hafa þau bú sem eftir standa þurft að auka framleiðslu sína og tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina sem nær yfir votlendisfláka austan við Elborgarhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Svæðið er innan B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaáætlun náttúruvinjaskrá vegna vistgerða, fugla og sela, Mýrar-Löngufjörur (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/vesturland/myrar-longufjorur>). Þá er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir því að hluti af landi Snorrastaða fari á náttúruvinjaskrá og hafa landeigendur breytt ræktunaráformum sínum vegna þessa.

Norðan og sunnan við fyrirhugað framkvæmdasvæði hefur land verið framræst og þar ræktuð tún. Út frá ofangreindu metur Náttúrufræðistofnun að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki rýra mikið náttúruverndargildi svæðisins og að svæðið sé heppilegri kostur til framræsingar en önnur svæði innan landareignarinnar. Stofnunin gerir því ekki athugasemdir við áætlaða framræsingum votlendis í landi Snorrastaða en hvetur landeigendur til að íhuga tækifæri til endurheimtar votlendis annars staðar ef mögulegt er sem mótvægisáðgerð.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur